

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

138. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 6.febrúar kl. 15:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.

Mætt undirrituð.

Dagskrá:

1. Skóladagatal leikskólans. Leikskólastjóri kynnir málið kl 15.00.
2. Breytingar á prófafyrirkomulagi í grunnskólanum. Skólastjóri grunnskóla kynnir málið 15.30.
3. Erindi frá Menntamálaráðuneyti varðandi eftirlit með fjölda skóladaga.
4. Tilkynning frá Menntamálaráðuneyti um umsjón með framkvæmd ytra mats á leik- og grunnskólum.
5. Önnur mál.

Afgreiðslur.

1. Á fundi fræðsluráðs þann 13. júní 2012 var staðfest skóladagatal leikskólans Ásgarðs með fyrirvara um breytingar vegna fyrirhugaðrar námsferðar leikskólans til Spánar í júní. Leikskólastjóri óskar eftir því við fræðsluráð að starfsdagar verði 18. og 19.júní í stað 13. og 14. júní. Sumarleyfi leikskólans byrji þann 20.júní í stað 18.júní. Leikskólinn opnar aftur 18. júlí. Fulltrúar foreldra eru samþykkir breytingunni. Fræðsluráð samþykkir breytinguna. Leikskólastjóri mun kynna foreldrum þessa breytingu á heimasíðu skólans og í netpósti til foreldra. Dagur leikskólans er í dag og opið hús er í leikskólanum fyrir alla bæjarbúa.
2. Skólastjóri kynnti breytingar sem munu verða á prófafyrirkomulagi í grunnskólanum sem eru í anda nýrrar aðalnámsskrár. Áherslan verður á símat en ekki lokapróf að vori. Allar bóklegar greinar eru með námsmarkmið og þannig er hægt að fylgjast með námsárangri hvers nemenda með þeim. Samkvæmt aðalnámsskrá verða ekki gefnar tölur sem einkunn frá hausti 2013, heldur verður námsmat gefið í bókstöfum.
3. Mennta- og menningarmálaráðuneytið óskar eftir því að fá upplýsingar um þá ákvörðun sem tekin var um breytingar á starfstíma skólans á Borðeyri 2011-2012. Einnig hvernig útfærsla styttingarinnar var gagnvart nemendum og lágmarksréttindum þeirra til náms. Fræðsluráð felur fræðslu-og félagsmálastjóra að svara erindinu..
 4. Mennta- og menningarmálaráðuneytið tilkynnir að Námsmatsstofnun hefur umsjón með framkvæmd ytra mats á leik- og grunnskólum frá og með 1. janúar 2013. Ráðuneytið mun áfram fylgja eftir úttektum á leik-og grunnskólastigi eins og verið hefur og kalla eftir umbótaáætlunum skóla og fylgja þeim eftir. Einnig mun ráðuneytið gera áætlun um úttektir á leik- og grunnskólastigi til þriggja ára í senn.
 5. Nemendur í dreifnámi. 17 nemendur eru í dreifnámi, sami fjöldi og fyrir áramót. Önnur sveitarfélög hafa sýnt þessu námsfyrirkomulagi áhuga. Sveitarstjóri og fræðslu- og félagsmálastjóri Húnaþings vestra, ásamt umsjónarmanni dreifnáms og

aðstoðarskólameistara FNV kynntu undirbúning, framkvæmd og námsfyrirkomulag fyrir fjórum sveitarfélögum í austur Húnavatnssýslunni og fulltrúum frá Strandabyggð í janúar síðastliðnum. Framundan er síðan kynningarfundur í Strandabyggð með aðstoðarskólameistara FNV og umsjónarmanni dreifnámsins, ásamt fulltrúum nemenda. Kynningarfundur var fyrir nemendur 10.bekkjar og forráðamenn þeirra um námið með aðstoðarskólameistara FNV, fræðslu- og félagsmálastjóra Húnaþings vestra og umsjónarmanns dreifnámsins. Nám verður tryggt fyrir nýja nemendur að hausti 2013 og fræðsluráð minnir á að námið er fyrir alla íbúa Húnaþings vestra. Forskráning mun verða í mars og hægt að fá nánari upplýsingar frá FNV um námið.

Jóhanna Helga Sigtryggisdóttir situr fundinn fyrir hönd starfsmanna leikskólans. Jóna Gunnarsdóttir situr fundinn fyrir hönd skólaráðs Grunnskóla Húnaþings vestra. Kristín Ólöf Þórarinsdóttir situr fundinn fyrir hönd grunnskólakennara.

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið kl: 16.10

Rakel Runólfsdóttir(sign.),
Gísli G.Magnússon(sign.),
Ólöf Þorsteinsdóttir(sign),

Borghildur H. Haraldsdóttir(sign.),
Anna Birna Þorsteinsdóttir(sign.).